# Menntastefna Hafnarfjarðar



Hafnarfjörður

# Janúar 2019

Verkefni starfshópsins er að leggja fram vinnutilhögun að gerð menntastefnu fyrir fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar sem skal gilda fyrir árin 2020-2030. Vinnan við gerð menntastefnunnar er tvískipt, fyrri og seinni hluta. Verkefni þessa starfsóps er því fyrri hluti menntastefnuvinnunnar sem skal gerast á vorönn 2019.



Verkefni starfshópsins er að skilgreina það verkefni sem gerð menntastefnunnar er, tímalínu vinnunnar, áherslur stefnunnar, skipulag, bjargir, framkvæmd og uppbygging hennar.

Menntastefnan sjálf skal unnin skólaárið 2019-2020 í framhaldi af tillögum þessa starfshóps.

Hafnarfjörður

# Menntastefna – fyrir hvern ? Og með hverjum ?




Hafnarfjörður

# Starfshópur frá 2020

- Lykilþættir
- Hún taki gildi við upphaf skólaárs 2020-2021 og gildi til 2030 – endurskoðuð á fjögurra ára fresti.
- Hún taki ekki mið af verkefnum sviðsins alls en skilgreini það verkefni vítt, t.d. forvarnir og vellíðan, lýðheilsu, íþróttir og tómstundir.
- Hún eigi við um öll börn hjá dagforeldrum, leik- og grunnskólum, tómstundamiðstöðvum í grunnskólum (frístundaheimili og félagsmiðstöðvar) og öllum aðildarfélögum innan IBH
- Lagt er til að settur verði á laggirnar stýrihópur sem tekur til starfa eftir fyrsta fund fræðsluráðs í ágúst. Í stýrihópnum skulu sitja einn kjörinn fulltrúi frá hverjum þeim flokki sem á sæti í bæjarstjórn. Þá mun fræðslustjóri, þróunarfulltrúi leik- og grunnskóla sem og íþrótta- og tómstundafulltrúi eiga sæti í hópnum.
- Þá er einnig lagt til að hópurinn setji á stofn starfshóp/rýnihóp sem skipaður er sömu aðilum ásamt fulltrúum allra hagsmunahópa sem tilgreindir eru í kafla um hagsmunahópa.



Hafnarfjörður

# Fyrir hvern og með hverjum ?

**Fyrir**

- **öll börn í Hafnarfirði  frá 0-18 ára**
- **Starfsfólk og foreldra**
- **Ákvarðatökur**

**Með**

- Starfsfólki
- Börnum
- Foreldrum
- Hagsmunahópum



Hafnarfjörður

# Lykilþáttakendur

- Nemendur
- Starfsfólk - menntastofnanna, tómstunda

  og íþrótta
- Aðrir hagsmunahópar , foreldrafélög, ……
- Foreldrar
- Hafnfirðingar
- Og aðrir áhugasamir



Hafnarfjörður




Hafnarfjörður

# Starfsfólk leik- og grunnskóla

Allar spurningar og svör tekin saman og flokkuð í þemu.




Hafnarfjörður

# Nemendur leik- og grunnskóla

Allar spurningar og svör tekin saman og flokkuð í þemu.




Hafnarfjörður

# Foreldrar leik- og grunnskólabarna




Hafnarfjörður

# Þátttakendur voru um 700 í hópi starfsmanna, barna og foreldra

*„Hlaupa kringum skólann. Gerum eitthvað aftur og aftur þangað til maður nær því. Leika við einhvern. Ekki skilja útundan. Leika úti. Spyrja eftir öðrum. Spila Roblox með vinum.“*

*„Borða mat, drekka vatn, ekki vera leið, tala við fólk (samskipti) ,út að leika, kynnast fleira fólki, hafa meiri frítíma fyrir félagslíf, lyfta lóðum, drekka lýsi, ekki borða nammi á hverjum degi, fá hjálp, meiri aðgangur að sálfræði aðstoð.“*

*„Með því sofa, drekka vatn, hlæja, hafa gaman, hjálpast að“*

*„Borða hollt og hreyfa sig, gera skemmtilega hluti, með því að einhver hvetur okkur og hrósar, leika sér úti, gönguferðir.“*

*„Að vera úti að leika við vini sína “*

*(tilvitnun í svar nemanda í menntastefnukönnun sem var lögð fyrir nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar)*

# Starfsfólk leik- og grunnskóla

## Hvaða orð myndi að þínu mati lýsa framtíðar skóla?

| FJÖLBREYTNI | ANNAÐ | LEIKUR OG SKÖPUN | SAMSKIPTI | HEILSUEFLING | SAMVINNA | FÉLAGSFÆRNI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tækni | Opinn | Sköpun | Jákvæðni | Vellíðan | Samvinna | Vinátta |
| Fjölbreytni | Spennandi | Gleði | Traust | Hreyfing | Hjálpsemi | Tilheyra |
| Einstaklingsmiðaður | Framsækinn | Leikur | Virðing | Útivera | Lærdómssamfélag | Kærleikur |
| Skóli fyrir alla | Griðarstaður | Skemmtun | Umburðarlyndi | Fjölskylduvænni | Fagmennska | Félagsfærni |
| Sveigjanleiki | Sjálfstæður | | | | | |

# Foreldrar og forráðamenn barna á leik- og grunnskólaaldri í Hafnarfirði

## Hvaða orð myndi að þínu mati lýsa framtíðar skóla?

**FJÖLBREYTNI**

*Fjölbreytni*

*Einstaklingsmiðað nám*

*Opinn skóli*

*Metnaður, áhugasemi, forvitni, hugrekki*

*Byggjum ofan á styrkleika*

*Ólíkum þörfum barna er mætt*

*Skóli fyrir alla*

**ANNAÐ**

*Framsækinn*

*Heildrænn*

*Finnska leiðin*

*Uppbyggilegur*

*Nútímavæðast*

*Undirbúningur fyrir framtíðina*

**SAMSKIPTI**

*Virðing*

*Öflug samskipti*

*Hvetjandi*

*Skilningsríkur*

**SAMVINNA**

*Samvinna*

*Samheldni*

*Samþætt þema- og áhugasviðsnám*

**HEILSUEFLING**

*Valdefling*

*Virkni*

*Mannbætandi*

*Útilíf*

**FÉLAGSFÆRNI**

*Vinátta*

**LEIKUR OG SKÖPUN**

*Sköpun*

*Sköpunarkraftur*

*Félags- og verkvit*

**SVIGRÚM BARNA TIL AÐ VELJA**

*Nám á vegum barnanna*

*Vitund um val og virkni*

*Frelsi*

Framtíðarsýn

# Ný menntastefna Hafnarfjarðar




Hafnarfjörður

## FRAMTÍÐARSÝN

Í skóla- og frístundastarfi er lögð áhersla á vellíðan, félagslegt öryggi og sjálfstæði. Borin er virðing fyrir ólíkum lífsháttum og fjölbreytni. Hvetjandi aðstæður verði til frístunda og náms sem styðja við frumkvæði, samvinnu og skapandi hugsun. Börn fái tækifæri til þess að  þróa hæfileika sína í gegnum leik og nám á eigin forsendum og njóta stuðnings til að þroskast og dafna.



Hafnarfjörður

## LEIÐARLJÓS MENNTASTEFNU

### SKÖPUN

Við leggjum áherslu á að börn fái tækifæri til að þroskast í gegnum leik, frístundir og skapandi skólastarf

### FJÖLBREYTILEIKI

Við berum virðingu fyrir öllum einstaklingum og lífsháttum

### VELLÍÐAN

Við leggjum áherslu á öruggt námsumhverfi og aðstæður til leiks og starfs

### SAMVINNA

Við byggjum upp námssamfélög með þátttöku allra

Hafnarfjörður

## SKÖPUN

Við leggjum áherslu á að börn fái tækifæri til að þroskast í gegnum leik, frístundir og skapandi skólastarf. Með frumkvöðlastarfi, tækni og listsköpun finnum við nýjar leiðir í skóla – og frístundaumhverfinu og þróum þær áfram.

## FJÖLBREYTILEIKI

Við berum virðingu fyrir öllum einstaklingum, lífsháttum og leggjum áherslu á að námsumhverfi endurspegli margbreytileika mannlífsins. Fjölbreyttar kennsluaðferðir styðji við jafnræði, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.

## VELLÍÐAN

Við leggjum áherslu á öruggt námsumhverfi og aðstæður til leiks og starfs svo börn öðlist trú á eigin getu, eflist og byggi upp seiglu. Snemmbær stuðningur, forvarnir og valdefling leggi grunn að vellíðan og velferð allra.

## SAMVINNA

Við byggjum upp námssamfélög með þátttöku allra. Samvinna stuðli að lýðræðislegri virkni og tengslum. Þverfagleg samvinna og teymi styðji við framþróun og nýjar nálganir.

**LEIÐARLJÓS MENNTASTEFNU HAFNARFJARÐAR**

Hafnarfjörður

# Áherslur

| | Heimsmarkmið | Barnasáttmáli |
|---|---|---|
| SKÖPUN | | |
| 1. Bjóða upp á margvíslegar leiðir sem koma til móts við fjölbreyttar þarfir barna. | 4.5, 4.1, 4.2, 4.6 | 2,3,6,12 |
| 2. Virkja sköpunarkraft í skóla- og frístundastarfi í gegnum nýsköpun, frumkvöðlastarf og upplýsingatækni. | 4.7, 4.2, 4.4 | 2,3,6,12 |
| FJÖLBREYTILEIKI | 4.5, 4.1, 4.2, 4.3, 4.5, 4.7 | 2,3,6,12 |
| 3. Virða ólíka lífshætti og skoðanir með því að efla þekkingu, aðlögunarhæfni og sveigjanleika. | | |
| 4. Leggja áherslu á jákvætt viðmót í skóla- og frístundastarfi, efla sjálfsþekkingu og sjálfstæða hugsun barna–í uppbyggilegu námsumhverfi. | 4.a. 4.1, 4.2, 4.3, 4.5 | 2,3,6,12 |
| VELLÍÐAN | 3.4 | 2,3,6,12 |
| 5. Efla forvarnir og geðrækt í skóla- og frístundastarfi. | | 2,3,6,12 |
| 6. Valdefla börn og starfsfólk, styrkja félagsfærni og gefandi samskipti. | 4.a | 2,3, 6,12 |
| 7. Auka þátttöku, ábyrgð og sjálfstæði barna í leik-, frístundum og skólastarfi og mati á eigin árangri. | 4.5 | 2,3,6,12 |
| SAMVINNA | 4.a | 2,3,6,12 |
| 8. Efla teymisvinnu og þverfaglegt samstarf í skóla- og frístundastarfi til að undirbyggja öflug námssamfélög. | | 2,3,6,12 |

# Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Við val á aðgerðum til að koma áherslum stefnunnar í framkvæmd verður horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.



# Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja sáttmálanum. Við val á aðgerðum til að koma áherslum stefnunnar í framkvæmd verður horft til sáttmálans.



Unnið fyrst og fremst úr viðtölum og í samráði við skilgreinda hagsmunahópa eða fulltrúa þeirra.

Unnið úr viðtölum og úr samráði við skilgreinda hagsmunahópa ásamt fyrirliggjandi stefnum og tengt við heimsmarkmiðin

Unnið fyrst og fremst með nefndum og ráðum en einnig horft til stefnumarkandi áherslna úr fyrri stigum samráðs.




Hafnarfjörður

# Uppbygging aðgerðaáætlana

Markmið og aðgerðir tengdar
við undirmarkmið heimsmarkmiða
og viðeigandi grein
í barnasáttmála

Aðgerðaáætlun

| | Markmið | Mælikvarði | Tímasetning | Aðgerðir | Heimsmarkmið | Barnasáttmáli |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1) | Að ... | X-Y | | 1. ...<br>2. … | 10.2 | 9. grein |
| 2) | Að ... | X-Y | | 1. ... | | |
| 3) | Að ... | X-Y | | 1. ... | | |

Hafnarfjörður